

1. fundur skólaráðs skólaárið 2023-2024 - 15. nóvember kl. 14:10

Mætt: Þorgeir Rúnar Finnsson, Hólmfríður Björnsdóttir, Stefán Hrafn Stefánsson, Sigurður Baldur Þorsteinsson og Steinunn Laufey Skjöldal Kristjánsdóttir, Móeiður Alma Gísladóttir og Baldur Þór Henrysson.

Svala Fanney Snædahl Njáladóttir og Hákon Fannar Ellertsson voru fjarverandi.

Fundarstjóri: Þorgeir Rúnar Finnsson

Fundarritari: Hólmfríður Björnsdóttir

1. Funda- og starfsáætlun ráðsins yfirfarin

Funda- og starfsáætlun ráðsins var yfirfarin og samþykkt samhljóða.

2. Skipulag og áherslur skólaársins

Sama upplegg og undanfarin ár. Þrjú námshópar, skipt eftir stigum, kennarateymi skipuleggur og framkvæmir kennslu í samstarfi, og skiptir í minni hópa eftir því hvernig hentar hverju sinni. 80 mínútna lotur, nema 40 mínútna morgunstund, skóli frá 8:20 - 14:00 alla daga. Þurfum að ígrunda betur innan kennarahópsins að ræða hvað gengur vel og hvað má fara betur. Rætt um stærð unglingsstigsins sem er stór hópur, 23 nemendur. Búið er að skipta hópunum niður, 8. bekkur er sér og 9. og 10. saman í stofu. Það hefur gefist betur. Fulltrúi foreldra ræddi hvort hægt væri að hafa betra lag á að koma upplýsingum til skila. Spurning hvort betra sé að senda skilaboð á sms, heldur en á facebook hóp eða í tölvupósti? Ekki nóg að fá skilaboð t.d. um sund sólarhring áður en af verður á Facebook og áréttingu rétt áður. Mikilvægt að allt komi fram í vikupóstinum.

3. Skóladagatal / viðburðir vetrarins

Hefðbundið skóladagatal; starfsdagar, jólafrí, vorskemmtun og fleira. Ákveðið var að hafa aftur vetrarfrí í kringum öskudag eftir að könnun var lögð fyrir foreldra og málin rædd meðal starfsfólks. Flest óskuðu eftir sama fyrirkomulagi og undanfarin tvö ár, þ.e. vetrarfrí í kringum öskudag.

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar í 7. bekk verður haldin í Grenivíkurskóla í vor.

Nemendur í 8.-10. bekk fara í skólaferðalag á vordögum, ekki enn komið á hreint hvert verður farið.

4. Starfsáætlun 2023-2024

Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu skólans og eru þar allar helstu upplýsingar um skólann og hans starfsemi. Sem dæmi eru upplýsingar um starfsmannamál og teymiskennsluna. Samræmd próf verða ekki lögð fyrir á skólaárinu, nýr matsferill enn í mótun.

5. Fjárhagsáætlun 2024 og staða áætlunar 2023

Vinna við fjárhagsáætlun næsta árs á lokametrinum. Útlit fyrir að skólinn verði áfram á svipuðu róli og geti því haldið í horfinu hvað varðar kennslustundafjölda og þvíumlíkt. Einnig reynt að halda í horfinu hvað varðar vöru- og tækjakaup. Styrkir hafa hjálpað mikið til við tækjavæðingu á undanförunum árum sem hefur skipt sköpum, t.d. fengu nemendur á

unglingastigi í Þaða með lykklaborði nú í haust, en Sænes styrkti skólann til þeirra kaupa. Engir sérstök, stærri og fjárfrek innkaup fyrirhuguð, búum ágætlega að helstu innanstokksmunum en þó ávallt eitthvað sem fellur til og einnig viljum við reyna að bæta námsumhverfi nemenda og gera það notalegt.

Áætlun ársins 2023 virðist ætla að ganga upp án stórvægilegra frávíka. Launaliðurinn, sem er langstærsti einstaki liðurinn á áætluninni, virðist vera í þokkalegu jafnvægi sem skiptir mestu máli. Aðrir liðir eru aðeins upp og niður, og verður reynt að stilla þá af eftir þörfum. Endurmenntunarliður og kostnaður vegna nemenda eru háir liðir, en þar eiga eftir að koma styrkir á móti úr endurmenntunarsjóði og sprotasjóði. Einnig er verið að finna rétta jafnvægið á kostnað vegna mótuneytis, þar sem nú er eldað fyrir leikskólann og Grenilund hér í skólanum.

6. Framkvæmdir

Stefnt að því að hefja endurbætur á gluggum skólans á næsta ári, en þeir leka mikið í verstu veðrum. Líklega verður byrjað í matsalnum, þar sem ákveðnir gluggar verða síkkaðir til að auka á útsýni úr salnum. Þá eru ýmsar framkvæmdir komnar á tíma, sem þarf að forgangsraða með tilliti til þess hversu brýnar þær eru, hver kostnaður við þær er, og hvenær hægt er að ráðast í þær.

Stefnt er að því að ganga betur frá skólalóðinni næsta sumar, græja gróðurblettina og annan frágang. Þá má segja að fyrstu tveimur áföngunum verði alfarið lokið, en áfram tækifæri á næstu árum að bæta við hlutum á borð við hjólageymslu, bekkjum og öðru á útisvæði, og jafnvel fleiri leiktækjum á borð við aparólu, hjólarömpum og nýja pönnu. Tekur allt tíma og kostar sitt.

7. Önnur mál

a. Skýrsla um innra mat og umbótaáætlun

Farið létt yfir það helsta sem við teljum að þurfi að bæta í skólastarfinu. Ágætar umræður á foreldrafundum í nóvember í tengslum við agamál, viðhorf til skólans, viðhorf til lesturs, og fleira.

b. Reglur um farsíma- og snjalltækjanotkun í Grenivíkurskóla - umræður

Málin rædd. Kennarar eru á því að skynsamlegt sé að símar séu ekkert notaðir á skólatíma, þau mál voru rædd á síðasta kennarafundi. Á foreldrafundum kom fram að foreldrar eru flestir á svipuðu máli. Skiptar skoðanir hjá öðrum í ráðinu, en meirihluti þó á því að æskilegt sé að skoða það að prófa að nota síma ekki á skólatíma, hvorki í tímum né frímínútum. Ef ákveðið verði að leyfa síma að einhverju leyti, sé mikilvægt að hafa skýrar reglur sem sé vel framfylgt.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 15:10.